



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2024

2404033SA VRB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2025 – 2029.

Sveitarfélögin mynda annað tveggja stjórnarsýslustiga landsins. Þau fara með 30% af opinberum útgjöldum og sinna margháttaðri nærþjónustu við íbúa. Í fjármálaáætlun kemur fram að áætlun heildarafkoma sveitarfélaga verði neikvæð um 1% af vergri landsframleiðslu fyrir árið 2023 sem svarar til taps í rekstri A-hluta sveitarfélaga að fjárhæð 42 ma.kr. Til samanburðar var afkoma neikvæð um 1,4% af VLF fyrir árið 2022 og að meðaltali hefur halli á heildarafkomu sveitarfélaga verið um 0,6% af VLF á árunum 1998-2022. Áætlun afkoma A-hluta sveitarfélaga 2023 – 2029 gerir ráð fyrir áframhaldandi hallarekstri sveitarfélaga þó svo að spáð sé að afkoman muni batna á tímabilinu.

### **Útvíkkun á tekjustofnum sveitarfélaga**

Langvarandi hallarekstur A-hluta sýnir að tekjur sveitarfélaganna standa ekki undir þeirri grunnþjónustu sem þeim er ætlað að veita. Er það þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á útsvari sveitarfélaga vegna fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk.

Mikilvægt er fyrir sveitarfélög að tekjur þeirra séu stöðugar og að tekjuþróunin sé fyrirsjáanleg. Tekjustofnar ættu að tengjast þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita hverju sinni og fylgja aukinni útgjaldþörf. Tekjuöflunin má þó ekki vera íþyngjandi eða hamlandi verðmætasköpun og umsvifum í atvinnulífnum. Þar að auki þarf hún að stuðla að stöðugleika gagnvart hagsveiflum en ekki magna þær upp.

Í þessu samhengi má nefna skýrslu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu þar sem lögð er rík áhersla að afnema undanþágur í lögum varðandi fasteignamat og álagningu fasteignaskatts á virkjanir og flutningskerfi raforku í C-flokki. Þessi undanþága myndi hafa veruleg áhrif á fasteignaskattstekjur sveitarfélaga og styrkja rekstur þeirra.

Langvarandi hallarekstur A-hluta hefur líka haft þau áhrif að sveitarfélögin eru mörg hver komin í innviða- og fjárfestingaskuld. Sveitarfélögin eiga að stuðla að nægu framboði lóða sem styðja við markmið um frekari húsnæðisuppbýggingu. Því fylgir ákveðin innviðauppbygging sem mörg sveitarfélög eiga erfitt með að standa undir sökum langvarandi innviðaskulda. Fjárfestingar er sá liður sem sveitarfélögin hafa meiri bein áhrif á en aðra og hefur að einhverju leiti verið nýttur til jöfnunar til

skemmri tíma, þ.e. sveitarfélögin hafa dregið úr fjárfestingum þegar illar árar. Fjárhagsáætlanir eru því ekki að endurspegla raunverulega fjárfestingaþörf sveitarfélaganna. Skortur á skólahúsnæði og viðhaldi þess, bæði leik- og grunnskóla, skortur á fráveituuppbygginu og vegaframkvæmdum eru dæmi um innviða- og fjárfestingaskuld sveitarfélaga sem hefur skapast á liðnum árum. Þrátt fyrir að fjárfestingar hafi aukist úr 0,95% af VLF árið 2011 í 1,7% árið 2023 þá er líklega til staðar innviðaskuld sem mikilvægt er að vinna á til lengri tíma.

### **Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga 2025 - 2029**

Sambandið undirritaði samkomulag við ríkið á grundvelli 11.gr. laga um opinber fjármál um miðjan apríl á þessu ári. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lagt fram eftirfarandi bókun í tengslum við ofangreint samkomulag.

*„Í tengslum við undirritun samkomulags um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2025-2029 vill stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga árétta að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga markast af áralöngum hallarekstri sem, eins og marg oft hefur komið fram, má að stórum hluta rekja til vaxandi útgjalda vegna málaflokks fatlaðs fólks. Í desember sl. var undirritað samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk sem var áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun málaflokksins. Ennþá er þó margt óunnið og mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni þétt saman að því að tryggja málaflokksnum fullnægjandi fjármögnun. Jafnframt ítrekar stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mikilvægi þess að áfram verði unnið að endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að markmiði að þeir verði breikkaðir og styrktir svo að þeir geti raunverulega staðið undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að veita. Á sama tíma og gert er ráð fyrir hóflegum fjárfestingum þá er verið að kallað eftir aukinni fjárfestingu m.a. hvað varðar húsnæðisuppbyggingu með tilheyrandi innviðauppbyggingu en víða eru sveitarfélög nú þegar í innviðaskuld. Nauðsynlegt er að leggja mat á raunverulega fjárfestingaþörf sveitarfélaganna. Sambandið leggur því áherslu á að áfram verði unnið markvisst að þeim fjölmörgu umbótaverkefnum sem samkomulagið kveður á um svo tryggja megi raunverulegan ávinning og árangur þess.“*

Rétt er að benda á að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki boðvald yfir einstökum sveitarfélögum en með undirritun samkomulagsins skuldbindur sambandið sig til að kynna samkomulagið fyrir sveitarfélögum og mælast til þess að þau skipi fjármálum sínum í samræmi við forsendur og markmið samkomulagsins.

Sambandið leggur áherslu á að áfram sé unnið að þeim verkefnum sem tíunduð hafa verið í fyrri samkomulögum og mál raunverulega leidd til lykta.

### **Stafvæðing opinberrar þjónustu**

Sambandið fagnar áherslum ríkisins á stafvæðingu opinberrar þjónustu og þeirri stefnu að efla stafræna þjónustu við almenning. Sambandið tekur undir mikilvægi nýtingu stafræna lausna til að ná fram hagræðingu, umbótum og samþættingu í

rekstri hins opinbera. Einnig telur sambandið að hagnýting gagna sé grundvöllur að aukinni skilvirkni og að aukið samstarf á milli opinberra aðila, sveitarfélaga, stofnana og ríkisins séu lykillættir í að ná fram markmiðum fjármálaáætlunarinnar um hagkvæmari rekstur hins opinbera.


Sambandið hvetur til að horft verði til nágrannaþjóða okkar um samþættingu og samstarf opinberra aðila í stafrænum málum og að hafist verði handa við að feta sambærileg skref hér á landi. Innan sambandsins eru metnaðarfull markmið um aukna söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga, á ýmsum ólíkum sviðum, og hafa fyrstu skrefin verið stigin á þeirri vegferð með góðum árangri.

### Að lokum

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar sérstaklega eftir skýru samtali við ríkið varðandi útvíkkun á tekjustofnum sveitarfélagana. Undanfarin ár hafa margir möguleikar verið nefndir í því samhengi, meðal annars að sveitarfélögin fái hlutdeild í skattstofnum ríkis á borð við fjármagnstekjuskatt, gistináttaskatt og kílómetragjaldi. Sambandið lýsir yfir sterkum vilja að vinna með ríki til að finna leiðir til að styrkja tekjustofna sveitarfélaga, til langs tíma, með áherslu á grunngildi laga um opinber fjármál, sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Sambandið biðlar til þingsins að styðja það í þeirri vegferð með því að hvetja til virks samtals um útvíkkun tekjustofna sveitarfélaga. Viðvarandi hallarekstur sveitarfélaga er ekki náttúrulegt heldur verkefni sem ríki og sveitarfélög geta leyst í sameiningu ef vilji er fyrir hendi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur